



BORGARSKJALASAFN  
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 404

**Magnús Th. S. Blöndahl hf.**

**Heildverslun**

*Vonarstræti 4B, Reykjavík*

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is) / [borgarskjalasafn@reykjavik.is](mailto:borgarskjalasafn@reykjavik.is)

*Einkaskjalasafn nr. 404*

**Magnús Th. S. Blöndahl hf.**  
***Heildverslun, Vonarstræti 4B, Reykjavík***

Stofnfundur hlutafélagsins *Magnús Th. S. Blöndahl* var haldinn 15. maí 1928.

Fundinn sóttu: Magnús Blöndahl, Alexander Jóhannesson, Sigfús Blöndahl, Sighvatur Blöndahl, Kristjana Blöndahl og Sigríður Fjeldsted.

Lög að félaginu voru samþykkt og í stjórn voru kosin: Magnús Blöndahl, Alexander Jóhannesson og Sigfús Blöndahl, til vara Sighvatur Blöndahl, endurskoðendur Kristjana Blöndahl og Sigríður Fjeldsted.

Í 3. gr. laganna segir: „Tilgangur fjelagsins er að reka ýmiskonar iðnað, svo sem brjóstsykurgerð, efnagerð, konfektgerð og aðra innlenda framleiðslu, ennfremur að reka heildverzlun með nokkrar vörutegundir“.

*Tekið úr fundargerð stofnfundar, 15. maí 1928.*

**Húsið að Vonarstræti 4B.**

Magnús Th. S. Blöndahl, smiður og athafnamaður, byggði húsið árið 1928 sem verksmiðjuhús til brjóstsykurs- og konfektgerðar en hann hafði áður rekið brjóstsykursgerð í Lækjargötu 6b. Áður var einnig á lóðinni gamalt smíðahús, byggt 1909 (Vonarstræti 4c). Verksmiðjuhúsið teiknaði Pjetur Ingimundarson forsmiður, en þetta er einlyft steinsteypuhús með kjallara og risi og eldvarnarvegg að sunnanverðu. Í kjallaranum var véla- og brjóstsykursgerðarsalur en á aðalhæðinni var herbergi fyrir konfektgerð.

Starfsemi sælgætisgerðarinnar var síðar aukin og frá 1929 rak Magnús Blöndahl einnig kaffibrennslu í húsinu. Árið 1942 var húsið lengt um 32 ferm. til norðurs, að nyrðri lóðamörkunum, eftir teikningum Pjeturs Ingimundarsonar. Síðan hefur verið byggt meira við húsið, a.m.k. meðfram norðurmörkum lóðarinnar, en ekki er ljóst hvenær það var gert.

Sælgætisgerðin var rekin í húsinu til ársins 1967 þegar bruninn mikli varð á svæðinu. Þá skemmdist bakhús á lóðinni, sennilega gamla smíðahúsið, og var rífið. Árið 1977 var búið að breyta húsnæði sælgætisgerðarinnar í skrifstofur en kaffibrennslan var rekin í húsinu til ársins 1979, þegar vélarnar eyðilögðust af eldi.

Guðný Unnur Jökulsdóttir afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjalasafnið 24. nóvember 2009.

Henni áskotnuðust gögnin úr dánarbúi Jökuls Ólafssonar, sem var síðasti framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Skjalasafnið er gefið með samþykki Guðmundar Jóhannessonar, sem var eigandi fyrirtækisins líklega til 1995. Vélar frá fyrstu starfsárum hafa þegar verið gefnar Árbæjarsafni. Fyrirtækið starfaði í Lækjargötu og í Vonarstræti.

*Innihald: Fundargerðabók, hlutabréf, sjóð- og viðskiptamannabækur, o.fl. Tímabil 1922-1997.*

## Skjalaskrá

### Bréfa- og málasafn

#### Askja 1

*Fundargerðabók, bréf o.fl. 1918-1997.*

Fundarbók (fundargerðabók), frá stofnfundi 15. maí 1928 til 9. júlí 1995.

Í bókinni má einnig finna:

Lög hlutafélagsins frá 15. maí 1928.

Tilkynning um stjórnarkjör, 4. september 1993.

Jöfnunarhlutabréf þeirra Guðmundar Jóhannessonar og Bergljótar Helgu Jósepsdóttur,

4. september 1993.

Yfirlýsing um hlutafjárleggur, 2. nóvember 1993.

Skuldaviðurkenning Hrafnhildar Georgsdóttur, Haraldar L. Haraldssonar og Guðmundar Jóhannessonar er kaupa öll hlutabréf af Guðmundi Jóhannessyni og Bergljótu Helgu Jósepsdóttur, 20. janúar 1995.

Samþykktir (lög) fyrir félagið, 25. janúar 1995.

Aukatilkynning frá aðalfundi félagsins um stjórnarmenn, endurskoðendur o.fl., 10. júlí 1995. Bréf frá *Æskan og abc*, vegna auglýsinga í afmælisblað, 18. mars 1997, sjá auglýsingu sem fylgir bréfinu.

Bréfasafn, bók, merkt Guðmundur Jóhannesson, án árs.

#### Örk 1

Ljósrit af afsalsbréfum, skiptagjörningum vegna Vonarstrætis 4B o.fl., 1918-1970.

#### Örk 2

Fasteignamat, Vonarstræti 4B, 3. desember 1928.

Brunabótaskírteini, Vonarstræti 4B, 5. desember 1928.

Afrit af lögum hlutafélagsins Magnús Th. S. Blöndahl h.f., 15. maí 1928.

#### Örk 3

Umslag merkt M. Th. S. B. 17.000:

Borgarstjórnin í Reykjavík, leyfi til að breyta húsinu við Vonarstræti 4B, 26. júní 1928.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík, samþykkt húss við Vonarstræti 4B, 25. janúar 1929.

Umboð Magnúsar Blöndahl og Alexanders Jóhannessonar til Guðmundar

Jóhannessonar vegna veðdeildarláns, 24. janúar 1929.

Hlutabréf, hlutafélagið *Magnús Th. S. Blöndahl*, nr. 1-34, 4. ágúst 1928.

#### **Örk 4**

Ljósrit af afsalsbréfum o.fl. vegna húseigna í Vonarstræti og Lækjargötu, 1928-1977.

#### **Örk 5**

Umslag merkt: Ragnar Ólafsson:

Úttekt á bókhaldi og ársreikningi, 17. júní 1936.

Afrit af lögum hlutafélagsins Magnús Th. S. Blöndahl h.f., 15. maí 1928.

Samkomulag Ásthildar Forberg og Guðrúnar Foss við Jóhannes Guðmundsson vegna hlutafélagsins *Magnús Th. S. Blöndahl h.f.*, 16. október 1962.

Jóhanna S. Knight selur Jóhannesi Guðmundssyni hlut sinn í Magnús Th. S. Blöndahl h.f.,  
17. júní 1962.

#### **Örk 6**

Virðingagjörð fyrir Vonarstræti (líklega 4B), 10. janúar 1929.

Veðbókarvottorð fyrir Vonarstræti 4B, 29. janúar 1929.

#### **Örk 7**

Tilboð Jóhannesar Ó. Guðmundssonar í hlutafélagið Magnús Th. S. Blöndahl h.f.,  
26. maí 1962 og 19. júní 1962.

Ljósmynd af manni í einkennisbúningi, nafn vantar, án árs.

#### **Askja 2**

*Hlutabréf og bankabréf 1924-1936.*

Hlutabréf, hlutafélagið „Magnús Th. S. Blöndahl“, nr. 35-67, 69-140, 4. ágúst 1924.

Pakki sem merktur er: Bankabréf 1936.

Bréf vegna bankaviðskipta og viðskiptaaðila 1935-1936.

#### **Bókhald**

*Efnahags- og sjóðbækur, viðskiptamannabækur, tollabók, verðskrár, skattframtöl, rekstrar- og efnahagsreikningar 1922-1977.*

#### **Askja 3**

*Efnahags- og sjóðbækur 1932-1969.*

Efnahagsbók 1. júlí til 31. desember 1932.

Sjóðbók 6. janúar 1939 til 16. desember 1941.

Sjóðbók 21. apríl til 18. maí 1943.

Sjóðbók 2. apríl 1967 til 25. desember 1969.

#### **Askja 4**

*Viðskiptamannabók 1922-1925.*

Viðskiptamannabók, 1. janúar 1922 til 1. júní 1925.

#### **Askja 5**

*Viðskiptamannabækur 1928-1935.*

Viðskiptamannabók, 17. júlí 1928 til 8. febrúar 1935.

Viðskiptamannabók, 1. janúar 1932 til líklega 31. desember 1932.

## Askja 6

*Viðskiptamannabækur 1933-1942.*

Viðskiptamannabók, 1. janúar 1933 til 17. september 1938.  
Viðskiptamannabók, 23. júní 1933 til 31. desember 1934.

## Askja 7

*Viðskiptamannabækur 1935-1942.*

Viðskiptamannabók, 1. janúar 1935 til 1. janúar 1938.  
Viðskiptamannabók, 1. janúar 1940 til 11. september 1942.

## Askja 8

*Viðskiptamannabækur 1944-1945.*

Viðskiptamannabók, 1. janúar 1943 til 1. janúar 1944.  
Viðskiptamannabók, 1. janúar 1944 til 31. desember 1945.

## Askja 9

*Viðskiptamannabækur og verðskrár 1933-1938.*

Viðskiptamannabók, 1. janúar 1946 til 1. janúar 1947.  
Viðskiptamannabók og verðskrá, án árs.  
Verðskrá, án árs.  
Verðskrá, 1933-1938.

## Askja 10

Tollbók, skattframtöl, rekstrar- og efnahagsreikningar o.fl., 1930-1977.

Tollbók, 2. febrúar til 2. febrúar, ekki er getið um ár en færslurnar sýna að þetta er eitt almanaksár.

Skattframtöl 1974-1977.

Rekstrar- og efnahagsreikningar, 1930-1940.

Rekstrar- og efnahagsreikningar, 1972-1977.

Teach yourself commercial correspondence, bók, 1952.

Umslag með peningi: Öðru megin á honum stendur „The Silver Solution“, hinum megin stendur „Plate Polish“.